



FJÁRFESTINGARSTEFNA
FEBRÚAR 2022



BRUNABÓT

EFNISYFIRLIT

1.	FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU	4
1.1	Umfjöllun um markmið fjárfestingarstefnu	4
1.2	Staða eignasafns.....	4
1.3	Núverandi eignasamsetning.....	4
2.	MAT Á ÁHÆTTU FJÁRFESTINGARSTEFNU	5
3.	FJÁRFESTINGARSTEFNA	6
4.	UNDIRRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA.....	7

FJÁRFESTINGARSTEFNA EIGNARHALDSFÉLAGSINS BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

1. FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Við gerð fjárfestingarstefnu Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands (EBÍ) er í meginatriðum miðað við samskonar uppbyggingu og lífeyrissjóðir gera skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Horft er í gegnum undirliggjandi verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Eignasafn skal ávaxtað í samræmi við fjárfestingarstefnu og gildandi lög og/eða samþykktir þar sem við á.

Samkvæmt lögum frá Alþingi og samþykktum félagsins er tilgangur og hlutverk EBÍ og Sameignarsjóðs þess einkum:

- að taka þátt í váttryggingastarfsemi með eignaraðild að váttryggingafélögum eftir því sem stjórn og fulltrúaráð félagsins ákveður að tengist starfsemi og þjóni hagsmunum þess. Kemur hér til greina eignarhald í öðrum félögum, innlendum sem erlendum, og í skyldum rekstri svo sem fjármögnunarstarfsemi, bankastarfsemi o.fl. í takt við þróun markaðarins að hverju sinni. Ennfremur að stuðla að þróun váttrygginga með fræðslu og menntun.
- að stuðla að ráðgjöf á sviði váttrygginga til handa sveitarfélögum sem aðild eiga að EBÍ, svo sem við áhættumat og stjórnun váttryggingatöku í því skyni að ná fram sem hagstæðastri váttryggingavernd fyrir viðkomandi sveitarfélög.
- að stunda lánastarfsemi, meðal annars til verklegra framkvæmda sveitarfélaga, eftir því sem ástæður félagsins leyfa.
- að stuðla að eflingu brunavarna og slökkviliða svo og alhliða forvarnarstarfi í sveitarfélögum. Einnig að hvetja til aukinnar og virkari áhættustjórnunar.

1.1 UMFJÖLLUN UM MARKMIÐ FJÁRFESTINGARSTEFNU

Meginmarkmið í ávöxtun EBÍ eru:

- Að EBÍ standi undir skilgreindum markmiðum um árlega útgreiðslu til sveitarfélaga í formi ágóðahlutar
 - Stjórn falið að ákveða endanlega upphæð ágóðahlutans
 - Stjórn metur og hefur heimild til að ákveða hærri/lægri greiðslu
- Lágmarka líkur á að skerða þurfi höfuðstól á milli ára

Eignasafnið er ávaxtað í einni fjárfestingarleið og er eignastýringu að hluta úthýst til fjárvörsluáðila.

1.2 STAÐA EIGNASAFNS

Í árslok 2021 var heildareign EBÍ um 3,39 ma.kr. í samanburði við stöðu í upphafi árs um 3,36 ma.kr.

1.3 NÚVERANDI EIGNASAMSETNING

Eignasamsetning eignasafns EBÍ er í meginatriðum samsvarandi markmiðum um eignasamsetningu samkvæmt fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefna er að jafnaði endurskoðuð árlega, en vikmörk eru nýtt í samræmi við markaðsaðstæður, hverju sinni. Í árslok 2021 var eignasamsetning innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu.

2. MAT Á ÁHÆTTU FJÁRFESTINGARSTEFNU

Samsetning fjárfestingarstefnu er með þeim hætti að hún mæti sem best þeim markmiðum og væntingum sem stjórn hefur til að mynda um áhættu og ávöxtun.

Lögð er áhersla á að vikið í fjárfestingarstefnu gefi möguleika á að breyta eignasamsetningu í takt við mat á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Langtímamarkmið er að ná hærri raunávöxtun en fæst með því að fjárfesta eingöngu í ríkisskuldabréfum og að flökt (mælt með staðalfrávik) í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka safnanna á hverjum tíma samkvæmt fjárfestingarstefnunni.

Miðað er við að vænt raunávöxtun innlendra ríkisskuldabréfa sé 0,61% og flökt ávöxtunar sé 8,4%. Mat á væntri raunávöxtun innlendra ríkisskuldabréfa tekur mið af ávöxtunarkröfu á verðtryggðu skuldabréfi útgefnu af Ríkissjóði Íslands með lokagjalddaga árið 2033 (RIKS33). Flöktið er mælt sem sögulegt flökt frá byrjun júní 2012 til lok september 2021 á sama bréfi.

Vænt raunávöxtun annarra innlendra skuldabréfa er metin 1,1 prósentustigum hærri en á ríkisskuldabréfum og flöktið 25% herra, eða vænt raunávöxtun 1,7% og flökt 10,5%.

Gert er ráð fyrir því að vænt raunávöxtun erlendra skuldabréfa sé -0,2% og flökt í ávöxtun 7,9% og að vænt raunávöxtun erlendra hlutabréfa sé 5,4% og flökt í ávöxtun sé 26,0%. Við mat á væntri raunávöxtun og flökti í ávöxtun erlendra skulda- og hlutabréfa er miðað við mat Dimson, Marsh og Staunton (2021).

Við mat á væntri raunávöxtun og áhættu innlendra hlutabréfa er miðað við að þau skili hálfu prósentustigi hærri ávöxtun en erlend hlutabréf vegna þess að raunvextir eru hærri á Íslandi en víðast hvar. Miðað er við að vænt flökt innlendra hlutabréfa sé helmingi herra en erlendis vegna þess hve fá félög eru á íslenska markaðnum.

Vænt raunávöxtun sérhæfðra innlendra fjárfestinga og óskráðra innlendra hlutabréfa er hálfu prósentustigi hærri en á innlendum hlutabréfum og flöktið er metið tvöfalt herra en á erlendum hlutabréfum vegna áhættuálags sem fylgir því að fjárfesta í sérhæfðum fjárfestingum og óskráðum hlutabréfum sem eru oft með takmarkaðan seljanleika.

Vænt raunávöxtun sérhæfðra erlendra fjárfestinga er metin þremur prósentustigum hærri en á erlendum skulda- og hlutabréfum. Miðað er við að þriðjungur erlendra sérhæfðra fjárfestinga séu í skuldabréfatengdum fjárfestingum og tveir þriðju í hlutabréfatengdum fjárfestingum. Flöktið er metið tvöfalt herra en sömu eignaflokkar eftir sömu skiptingu.

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir vænta raunávöxtun og flökt eignaflokkanna sem mynda forsendur fyrir væntri raunávöxtun eignasafns. Vænt raunávöxtun og flökt eignasafns miðað við framangreindar forsendur og fjárfestingarstefnu er 1,8% annars vegar og 5,8% hins vegar.

EIGNAFLOKKUR	VÆNT RAUNÁVÖXTUN	FLÖKT (STAÐALFRÁVIK)	STEFNA 2022
Innlend ríkisskuldabréf	0,61%	8,4%	40%
Önnur innlend skuldabréf	1,7%	10,5%	39%
Erlend skuldabréf	-0,2%	7,9%	1%
Erlend hlutabréf	5,4%	26,0%	10%
Skráð innlend hlutabréf	5,9%	39,0%	9%
Sérhæfðar innlendar fjárfestingar og óskráð innlend hlutabréf	6,4%	52,0%	1%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	6,5%	40,1%	0%
Vænt raunávöxtun og flökt eignasafns	2,0%	6,9%	100%

Tafla 1. Forsendur fyrir væntri ávöxtun

3. FJÁRFESTINGARSTEFNA

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting eignasafns í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 2. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 3 og 4.

Fjárfestingar skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög/samþykktir þar sem við á. Heimilt er að nýta vikiörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Eignasamsetning getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna leiðanna.

FLOKKAR VERÐBRÉFA	STAÐA 31.12.2021	STEFNA	VIKMÖRK
Innlán í bönkum og sparisjóðum	1,5%	1%	0-20%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	52,9%	40%	30-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	8,1%	13%	0-20%
Sértryggð skuldabréf	5,7%	9%	0-25%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingarfélaga	0,7%	2%	0-10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1,3%	1%	0-5%
Skuldabréf fyrirtækja	5,2%	10%	0-20%
Hlutabréf	20,6%	20%	0-40%
Hlutir eða hluteildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfest. ⁽²⁾	1,7%	1%	0-5%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0,0%	0%	0-1%
Annað	0,4%	2%	0-10%
Innlán og skuldabréf í erlendum gjaldmiðli ⁽¹⁾	1,9%	1%	0-20%
Samtals:	100,0%	100%	

Tafla 2. Flokkar verðbréfa.

⁽¹⁾ Þ.m.t. peningarmarkaðs- og skuldabréfasjóðir

⁽²⁾ Óskráðir skuldabréfasjóðir falla hér undir

HLUTABRÉF	STAÐA 31.12.2021	STEFNA	VIKMÖRK
Skráð innlend hlutabréf	8,7%	9%	0-15%
Óskráð innlend hlutabréf	0,9%	1%	0-10%
Erlend hlutabréf	12,1%	10%	0-25%

Tafla 3. Hlutabréf – sundurliðun á fjárfestingarstefnu.

4. UNDIRRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Kópavogi, 11. febrúar 2022

Ása Helgadóttir
Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu

Björn Ingimarsson
Múlaþingi

Friðbjörg Matthíasdóttir
Vesturbyggð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Akureyri

Margrét Friðriksdóttir
Kópavogsbæ

Stefán Jónasson
Vestmannaeyjar

Silja Jóhannesdóttir
Norðurþing

Anna Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri

Undirritunarsíða

Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu
Ása Helgadóttir

Múlaþingi
Björn Ingimarsson

Vesturbyggð
Friðbjörg Matthíasdóttir

Akureyrarbær
Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Kópavogsbær
Margrét Friðriksdóttir

Vestmannaeyjar
Stefán Óskar Jónasson

Norðurþing
Silja Jóhannesdóttir

Framkvæmdastjóri
Anna Sigurðardóttir